



ÁRSSKÝRSLA 2016



STOFNUN
VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	1
Stjórn og starfsmenn.....	2
Starfssvið og hlutverk.....	4
Hornsteinn lagður að byggingu SVF.....	5
Vigdís Finnbogadóttir heiðursdoktor við Sorbonne-háskóla.....	9
Sofiya Zahova fyrsti nýdoktorinn.....	10
Ráðstefnur.....	11
Málþing.....	13
Fyrirlestrar.....	15
Útgáfa fræðirita.....	16
Alþjóðlegt samstarfsnet og þróunarverkefni.....	17
Aðrir viðburðir.....	22
Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar.....	29
Konfúsíusarstofnun Norðurljóss.....	34
Styrkir og gjafir.....	36
Starfsfólk.....	43
Miðlun rannsókna.....	59

For the English summary of the activity report of Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages, please consult http://vigdis.hi.is/activity_reports

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir

Mynd á forsiðu: Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands leggja hornstein að húsi fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Vigdísarstofnun - alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, sunnudaginn 19. júní, á réttindadegi kvenna.






































Prentun: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja

INNGANGUR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) er rannsóknastofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir í þrettán erlendum tungumálum sem eru kennd við háskólann, þ.e. arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku, ásamt bókmenntum, kvikmyndum og menningu viðkomandi málsvæða. Meginfræðasvið stofnunarinnar eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, máltileinkun, menningarfræði, tungumálanám og -kennsla, svæðarannsóknir (Evrópu-, Norðurlanda-, Ameríku-, Mið-Austurlanda- og Asíufræði), samskipti á erlendum tungumálum og erlendar tungur og menning á Íslandi í sögu og samtíð. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hóf starfsemi sína í október 2001 og árið 2016 var því fimmtánda starfsár hennar. Að venju hefur starfsemin verið þróttmikil og fjölbreytt. Stofnunin hefur staðið fyrir fjölda viðburða í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og vísindastofnanir og áhersla hefur verið lögð á að auka þekkingu og upplýsta umræðu meðal leikra og lærðra á fræðasviðum stofnunarinnar. Í því skyni hefur stofnunin staðið fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestraröðum ásamt útgáfu veftímaritsins *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* og annarra fræðirita.

Á árinu var markvisst unnið að því að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, sem hefur starfsemi sína í apríl 2017.

STARFSMENN SVF

DANSKA	FRANSKA	ENSKA	FRANSKA	ENSKA	SVF	SPÆNSKA	TUNGUMÁLA- MÍÐSTÖÐ
							
Auður Hauksdóttir prófessor	Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor	Ásrún Jóhannsdóttir aðjunkt	Ásta Ingibjartsdóttir aðjunkt	Birna Arnbjörnsdóttir prófessor	Birna Bjarnadóttir verkefnisstjóri	Erla Erlendsdóttir dósent	Eyjólfur M. Sigurðsson deildarstjóri
ENSKA	KÍNVERSKA	FRANSKA	GRÍSKA/LATÍNA	DANSKA	ENSKA	SVF	JAPANSKA
							
Erlendína Kristjánsdóttir aðjunkt	Fei Jie sendikennari	François Heenen aðjunkt	Geir Þ. Þórarinnsson aðjunkt	Gísli Magnússon lektor	Guðrún Björk Guðsteinsdóttir prófessor	Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri	Gunnella Þorgeirsdóttir lektor
SPÆNSKA	ENSKA	FRANSKA	ÞÝSKA	KÍNVERSKA	RÚSSNESKA	ENSKA	SPÆNSKA
							
Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor	Ingibjörg Ágústsdóttir dósent	Irma Erlingsdóttir dósent	Jessica Guse sendikennari	Jia Yucheng sendikennari	Jón Ólafsson prófessor	Júlían Meldon D'Arcy prófessor	Kristín G. Jónsdóttir dósent
SÆNSKA	KÍNVERSKA	ÞÝSKA	ENSKA	ÞÝSKA	DANSKA	RÚSSNESKA	KÍNVERSKA
							
Lars-Göran Johansson sendikennari	Liu Kailiang sendikennari	Magnús Sigurðsson aðjunkt	Martin Regal dósent	Oddný G. Sverrisdóttir prófessor	Pernille Folkmann lektor	Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt	Qi Huimin sendikennari og kínverskur forstöðumaður Konfúsíusar- stofnunar
ÍTALSKA	SVF	KÍNVERSKA	ENSKA	DANSKA			
							
Stefano Rosatti aðjunkt	Valgerður Jónasdóttir verkefnisstjóri	Wang Xia sendikennari	Þórhallur Eyþórsson prófessor	Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt			

**STARFSMENN
MED AUKAÐILD**

ÞÝÐINGAFRÆÐI	KÍNVERSKA	ÞÝÐINGAFRÆÐI	KONFÚSÍUSARSTOFNUN		
					
Gauti Kristmannsson prófessor	Geir Sigurðsson prófessor	Marion Lerner dósent	Magnús Björnsson forstöðumaður	Stefán Ólafsson kynningarstjóri	Þorgerður A. Björnsdóttir verkefnisstjóri

STJÓRN OG STARFSMENN

Á árinu 2016 störfuðu 40 fræðimenn við stofnunina auk verkefnisstjóra SVF.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Auður Hauksdóttir formaður, Birna Arnbjörnsdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson og Guðmundur S. Brynjólfsson, en sá síðastnefndi er fulltrúi doktorsnema í stjórn. Varamenn voru þau Hólmfríður Garðarsdóttir og Gísli Magnússon. Auk stjórnarformennsku gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns. Stjórnin kom saman fjórum sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur og Rebekku Þráinsdóttur, en ritstjórar tímaritsins *Milli mála* voru þeir Gísli Magnússon og Þórhallur Eyþórsson.

Guðrún Kristinsdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra í fullu starfi og hafði umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar og verkefnum á hennar vegum, en auk þess höfðu þær Valgerður Jónasdóttir og Birna Bjarnadóttir með höndum verkefnisstjórn á vegum SVF.

Á árinu hlaut Geir Sigurðsson framgang í starf prófessors og Kristín Guðrún Jónsdóttir í starf dósents.

Í lok árs var nafni Deildar í erlendum tungumálum, bókmenntum og málvísindum breytt í Mála- og menningardeild og er nýja nafnið notað í skýrslunni.



Stjórn SVF, frá vinstri: Birna Arnbjörnsdóttir, Guðmundur S. Brynjólfsson, Geir P. Þórarinsson, Auður Hauksdóttir formaður og Oddný G. Sverrisdóttir, ásamt Hólmfríði Garðarsdóttur, varamanni í stjórn (önnur frá hægri). Á myndina vantar Gísla Magnússon varamann.

STARFSSVIÐ OG HLUTVERK

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknavettvangur kennara í Mála- og menningardeild. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltileinkun, orðaforði, hljóðfræði, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða, enskar, franskar, þýskar, ítalskar, grískar, latneskar, rússneskar og asískar bókmenntir, sem og bókmenntir spænskumælandi landa og Norðurlandabókmenntir.
- Menning og tunga tiltekinna málsvæða og samanburður á menningu og tungu eftir málsvæðum í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra, m.a. í atvinnulífi.
- Kennsla erlendra tungumála og notkun nýrrar tækni í kennslu, auk þróunar kennslugagna.
- Þýðingar milli íslensku og annarra tungumála, bæði bókmennta- og nytjaþýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að vekja athygli á að fjölmenningarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum feli í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum. Það blasir við að stofnanir, fyrirtæki og samfélög sem hafa á að skipa einstaklingum, sem búa yfir góðri tungumálakunnáttu og menningarinnisæi, eru betur í stakk búin til að takast á við áskoranir á alþjóðavettvangi en aðrir.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við og styrkja kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli máltileinkunar og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum mannlífs og þjóðlífs og stofnunin kappkostar að miðla upplýsingum um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um erlend tungumál, bókmenntir og menningu, tungumálanám, þýðingar og samskipti á erlendum tungum. Þetta hlutverk sitt rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi, útgáfu fræðiriti og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað tungumálanám og tjáskipti á erlendum tungum. Á undanförunum árum hafa fræðimenn stofnunarinnar lagt ríka áherslu á að hagnýta máltækni og tölvur í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun námsgagna og veforðabóka. Stofnunin gefur út veftímartitið *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu* sem kemur út einu sinni á ári og fjallar um rannsóknir á fræðasviðum SVF. Stofnunin tekur þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Auk þess að standa fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestraröðum, efndi stofnunin í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi til dagskrár í Hátíðarsal Háskóla Íslands í tilefni af Evrópska tungumáladeginum þann 26. september. Þetta var gert undir yfyrskriftinni „Þýðingar, tungumálakunnátta og heimsmynd okkar“. Nánar verður greint frá dagskrá Evrópska tungumáladagsins og helstu viðburðum í starfsemi stofnunarinnar á árinu síðar í skýrslunni.

Hornsteinn lagður að byggingu SVF

Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands og Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands lögðu hornstein að húsi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þann 19. júní – réttindadegi kvenna – að viðstöddu fjölmenni. Við þetta tækifæri fluttu þau einnig stutt ávörp og karlakórinn Fóstbræður söng nokkur lög. Athöfninni stjórnaði Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF.

Í máli Jóns Atla Benediktssonar rektors kom fram að hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur skipti gríðarlega miklu máli fyrir rannsóknir og kennslu í erlendum tungumálum og menningu og ætti eftir að verða mikil lyftistöng fyrir menningarstarf á Íslandi. Þar yrði þróttmikill vinnustaður og húsið viðkomustaður innlendra og erlendra gesta. Húsið væri til marks um metnað Háskóla Íslands og margra annarra til að efla þau fræði sem stuðluðu að farsælum samskiptum á erlendum tungum og aukinni vitund um mikilvægi tungumála fyrir menningu alls mannkyns. Rektor benti á að byggingin yrði vettvangur alþjóðlegrar samvinnu og með henni og samstarfi við UNESCO sköpuðust einstök tækifæri fyrir Íslendinga til að láta til sín taka á þessu sviði og stuðla þannig að vexti og viðgangi tungumála og fjölyngis á heimsvísu.

Rektor þakkaði Vigdísu Finnbogadóttur fyrir mikilvægt framlag hennar, eljusemi og einarðan áhuga; án hennar væri hvorki hús né hornsteinn. Rektor sagði starfsmenn og nem-





endur Háskóla Íslands vera fulla þakklætis í garð Vigdísar og stolta af því að mega telja hana til háskóla-samfélagsins.

Í ræðu Vigdísar Finnbogadóttur kom fram að hún væri „afar stolt af því að Íslendingar, sem búa við það lán að hafa tekist að varðveita aldagamalt tungumál sitt, skuli með byggingu þessa húss geta minnt á ómetanlegt gildi tungumála heimsins með þá visku sem þau geyma.“ Hún nefndi að þetta ævintýri, sem hér væri að verða að veruleika, hafi átti upphaf sitt um aldamótin síðustu, á 90 ára afmæli Háskóla Íslands þegar fram-sýni réði því að mynduð var við Háskóla Íslands sérstök tungumálastofnun, sem héldi utan um öll þau erlendu tungumál sem kennd eru við Háskóla Íslands. Sterk stofnun þarfnist eigin húsnæðis og „svo sem sjá má á

þessari stundu hefur stofnunin eflst og dafnað og ég vil fá að þakka öllum þeim aðilum sem af einhug hafa unnið að þeim áfanga sem við erum nú vitni að.“

Kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum munu eiga sér stað í nýju byggingunni og þar munu starfsmenn á fræðasviðinu hafa skrifstofur. Þá mun byggingin einnig hýsa Vigdísarstofnun – alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, sem mun starfa undir merkjum UNESCO. Í húsinu verður einnig aðstaða fyrir fyrirlestra-, ráðstefnu- og sýningar-hald og vinnuaðstaða fyrir erlenda gestafræðimenn. Þar verður einnig Vigdísarstofa, til-einkuð Vigdísí Finnbogadóttur, þar sem hægt verður að fræðast um líf hennar og störf. Fjölmargir innlendir og erlendir aðilar hafa stutt verkefnið með myndarlegum fjárfram-lögum.





Fyrsta skóflustungan að byggingunni var tekin 8. mars 2015, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, af Vigdísí Finnbogadóttur, Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra og Kristínu Ingólfssdóttur, fv. rektor. Það þótti því einkar viðeigandi að leggja hornsteininn 19. júní, þegar kosningaréttar íslenskra kvenna er minnst. Arkitektar að húsinu eru vinningshafar í hönnunarsamkeppni, sem fram fór árið 2012, en að tillöggunni stóðu þeir Gunnlaugur Magnússon, Haraldur Örn Jónsson, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson sem nú starfa undir merkjum arkitektastofunnar Andrúms arkitekta. Áætlað er að byggingin verði formlega tekin í notkun á vordögum 2017.



Í tilefni þess að lagður var hornsteinn að nýbyggingunni var efnt til kaffiboðs 27. júní fyrir starfsmenn sem þar vinna. Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, ávörpuðu gestina.

Við þetta tækifæri var tekin hópmynd sem mun standa í byggingunni til frambúðar ásamt nöfnum og þjóðernum þeirra sem reistu húsið. Starfsmennirnir eru frá mörgum löndum og ólíkar tungur hafa því hljómað í byggingunni frá upphafi.



Bygging tungumálahúss á lokastigi

Byggingarnefnd, sem háskólaráð skipaði í apríl 2011, vann allt árið að undirbúningi byggingarframkvæmda í samvinnu við arkitekta sem urðu hlutskarpastir í hönnunarsamkeppni um bygginguna. Formaður byggingarnefndar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í viðskiptafræði, en auk hans eiga sæti í nefndinni Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur og Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir doktorsnemi. Með nefndinni starfa Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans.

Vigdís Finnbogadóttir heiðursdoktor við Sorbonne-háskóla

Vigdís Finnbogadóttir var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Sorbonne-háskóla í París þriðjudaginn 11. október. Með nafnbótinni vill Sorbonne-háskóli heiðra Vigdísu fyrir ævistarf hennar, einkum einstakt framlag í þágu jafnréttismála, tungumála og menningar og fyrir að hafa brotið blað í veraldarsögunni þegar hún, fyrst kvenna, var kjörin forseti í lýðræðislegum kosningum. Þá er tekið til starfa hennar í þágu háskólastarfs og tengsla við vísindasamfélagið víða um heim.

Það var norrænueldin sem lagði til við rektor Sorbonne-háskóla að Vigdís yrði sæmd nafnbótinni og veitti hún heiðursdoktorskjalinu viðtöku í hátíðarsal háskólans að viðstöddu miklu fjölmenni. Karl Gadeli, prófessor í norrænum málvísindum, hélt Vigdísu ræðu þar sem hann lofaði merkt framlag hennar.

Í tilefni af því að Université Sorbonne Paris IV í hugvísindum og Université Pierre et Marie Curie í raunvísindum verða sameinaðir á næsta ári í einn háskóla, Université de Sorbonne, var ákveðið að veita nokkrum einstaklingum, sem skarað hafa fram úr á heimsvísu, heiðursdoktorsnafnbót fyrir framlag til læknávisinda, raunvísinda og hugvísinda, meðal annarra Vigdísu og Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs.

Að lokinni athöfninni fluttu þær Vigdís Finnbogadóttir og Gro Harlem Brundtland fyrirlestra við norrænueld Sorbonne-háskóla og komust færri að en vildu. Vigdís flutti fyrirlestur sinn á frönsku og bar hann yfirskriftina „Vous l’avez entendu? La révélation de la grève des femmes de 1975“. Í máli sínu gerði hún grein fyrir kvennafrídeginum á Íslandi, aðdraganda hans og áhrifum, auk þess sem hún gerði

Karl Gadeli,
prófessor í norrænum
málvísindum og
Vigdís Finnbogadóttir
heiðursdoktor við
Sorbonne-háskóla.



tungumál og menningu að umtalsefni og mikilvægi þekkingar á þeim sviðum fyrir farsæl samskipti á milli menningarheima. Í fyrirlestri sínum „Equality and Environment. Crucial and Integrated Parts of Sustainable Development“, fjallaði Gro Harlem Brundtland um umhverfismál og sjálfbærni.

Í lok dags stóð sendiherra Íslands í Frakklandi, Kristján Andri Stefánsson, fyrir móttöku til heiðurs Vigdísar í sendiherrabústaðnum í París. Meðal gesta voru rektorar háskólanna beggja sem að útnefningunni stóðu, þeir Barthélémy Jobert, rektor Sorbonne-háskóla París IV, og Jean Chambaz, rektor Université Pierre et Marie Curie, sem og fjöldi franskra fyrrverandi og núverandi samstarfsaðila Vigdísar auk Íslendinga í París.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur óskar Vigdísar innilega til hamingju með heiðursdoktorsnafnbótina og þá viðurkenningu á störfum hennar sem í henni felst.



Sofiya Zahova fyrsti nýdoktorinn

Í haust kom Sofiya Zahova til liðs við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur en hún hefur hlotið þriggja ára nýdoktorastyrk frá RANNÍS. Rannsóknir hennar lúta að menningu, bókmenntum og sjálfsmynd Rómabólks og sögu Suðaustur-Evrópu. Sérstaklega samfélögum og mótun sjálfsmyndar í löndum á Balkanskaganum sem og á fólksflutningum frá Suðaustur-Evrópu.

Sofiya Zahova lauk doktorsprófi í þjóðfræði frá Búlgörsku vísindaakademíunni árið 2011 og MA-prófi í menningarfræðum frá Háskólanum í Sofíu árið 2007. Hún er meðlimur í stjórn Gypsy Lore Society. Eftir Sofíu liggja bækurnar *Montenegro after Yugoslavia: Dynamic of Identity*, sem kom út árið 2013 á búlgörsku og er væntanleg í enskri þýðingu á næsta ári, og ritið *History of Romani Literature*, sem kom út árið 2015. Þá ritstýrði hún ásamt Milu Maevu greinasafninu *Ethnography of Migrations: The Bulgarian in the Mediterranean* sem kom út á búlgörsku árið 2014.

Mikill fengur er í því fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að fá svo mikilhæfan fræðimann til liðs við sig og fá að kynnast rannsóknum á Rómabólki, sem lítt eru þekktar hér á landi.

RÁÐSTEFNUR



Á mótum danskrar og íslenskrar menningar

Í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að dönskukennsla hófst við Háskóla Íslands efndi námsleið í dönsku til ráðstefnu um danskar bókmenntir og norræn tjáskipti í fyrirlestraral Þjóðminjasafnsins laugardaginn 9. apríl. Á ráðstefnunni var fjallað um birtingarmyndir Íslands í dönskum bókmenntum og nýjar rannsóknir á norrænum málskilningi. Þá var opnuð ný heimasíða um tengsl Danmerkur og Íslands, www.dan-is.is, en þar er að finna upplýsingar um rannsóknir á danskri tungu og menningu hér á landi og ýmsar heimildir um efnið, svo sem skjöl og myndir sem varpa ljósi á starfsemi hinna svokölluðu Danafélaga.

Gísli Magnússon,
Erik Skyum-Nielsen,
Þórhildur Oddsdóttir,
Ulla Börestam,
Sune Auken, Auður
Hauksdóttir, Mette
Kjuel Nielsen og Eva
Theilgaard Brink.

Dagskrá

- Sune Auken, lektor við Kaupmannahafnarháskóla: „Grundtvig og Island“.
- Erik Skyum-Nielsen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla: „Myter og fantasier om Island i den nyeste danske litteratur“.
- Jørn Lund, prófessor, formaður Dönsku málnefndarinnar: „Nordisk sprogfællesskab i et historisk perspektiv“.
- Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla: „Góð brú frá íslensku. Med danskan som bro till Norden“.
- Pernille Folkmann, lektor við Háskóla Íslands: „Det nordiske sprogfællesskab ud fra et islandsk perspektiv“.
- Eva Theilgaard Brink fræðimaður hjá Nordisk Sprogkoordination: „Nabosprogskommunikation her og nu. En undersøgelse af strategier blandt unge nordboere, der skal kommunikere med andre fra Norden“.
- Mette Kjuel Nielsen, sendiherra Danmerkur á Íslandi, opnun heimasíðunnar www.dan-is.is.
- Auður Hauksdóttir, prófessor við Háskóla Íslands: „Danske minder i Island på nettet“.

Málstofustjórar voru: Gísli Magnússon lektor og Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt.

Tengsl tungumála og menningar á Vestur-Norðurlöndum

Dagana 23. og 24. maí stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir ráðstefnu í Reykholti um tengsl tungumála og menningar á Vestur-Norðurlöndum. Ráðstefnuna sóttu fræðimenn frá Norðurlöndum sem taka þátt í samstarfsneti um þetta efni. Auður Hauksdóttir er í forsvari fyrir samstarfsnetið, sem hlotið hefur styrk frá Nordplus Sprog og Kultur. Auk þess tók alþjóðlega ráðgjafanefndin, sem hefur verið Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til ráðuneytis um alþjóðlegu tungumálamiðstöðina, þátt í ráðstefnunni. Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands flutti ávarp í upphafi ráðstefnunnar og í lok hennar hélt Geir Waage sóknarprestur í Reykholtskirkju erindi um Snorra Sturluson og Reykholt.

Dagskrá

- Daniel Chartier, prófessor við háskólann í Québec, Montréal: „The North as a Cultural, Plurilingual and Intercultural Place: Research Perspectives and Current Projects.“
- Stig Eliasson, prófessor emeritus: „Language Ecology and Language Contact.“
- Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla: „Language Contact in Himalaya.“
- Trond Trosterud, prófessor við Háskólann í Tromsø: „Language Technology for the Circumpolar Languages.“
- Glenn Ole Hellekjær, prófessor við Oslóarháskóla: „The Unmet Need: Occupational English Skills in Norwegian Higher Education.“
- Lisbeth M. Breivik, dósent við Oslóarháskóla: „Online Gaming and English Skills in Norway.“

Samstarfsnetið og alþjóðlega ráðgjafanefndin fyrir framan Snorralaug í Reykholti.



MÁLÞING

Vélrænar þýðingar og vélræn samskipti á íslenskri tungu

Ísland er þátttakandi í evrópsku samstarfi um málföng – European Language Resource Coordination, ELRC, sjá <http://www.lr-coordination.eu/>. Föstudaginn 11. nóvember stóð SVF fyrir málþingi í samvinnu við ELRC í Safnahúsinu við Hverfisgötu, þar sem fjallað var um vélrænar þýðingar og vélræn samskipti á íslensku. Í upphafi flutti Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu ávarp og setti málþingið. Aðrir fyrirlesarar voru:

- Andrejs Vasiljevs, Tilde/ELRC: „Aims and Objectives“
- Markus Foti, eTranslation/MT@EC verkefnastjóri: „Europe and Multilingualism“
- Josef van Genabith – DFKI/ELRC: „Automated Translation: How does it work?“
- Eiríkur Rögnvaldsson prófessor við Háskóla Íslands: „Staða íslenskunnar í stafrænum heimi á tímum alþjóðavæðingar.“
- Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu: „Hvernig getur máltæknin gagnast samskiptum á íslenskri tungu?“
- Steinþór Steingrímsson, verkefnastjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: „Orð eru til alls fyrst: málheildir og önnur gagnasöfn í máltækni.“
- Jón Guðnason, lektor við Háskólann í Reykjavík: „Raddgreinar, talgervlar og hljóðstýring.“
- Anna Björk Nikulásdóttir, rannsóknarmaður við Háskólann í Reykjavík: „Sjálfvirkar leiðréttingar.“

Málstofustjóri var Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Gestir málþingsins.



Evrópski tungumáladagurinn

Þýðingar, tungumálakunnátta og heimsmynd okkar

Í tilefni Evrópska tungumáladagsins 26. september stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir hátíðardagskrá í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi í Hátíðarsal Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Þýðingar, tungumálakunnátta og heimsmynd okkar“. Við þetta tækifæri tilkynntu Guðmundur Andri og Örnólfur Thorssynir um rausnarlega bókagjöf þeirra bræðra til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur en hún hefur að geyma úrval erlendra bókmenntaverka úr fórum föður þeirra, Thors Vilhjálmssonar rithöfundar. Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands setti málþingið. Aðrir frummælendur voru:

- Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur: „Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar: Hlutverk og markmið.“
- Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur: „Thor Vilhjálmsson og þýðingar hans.“
- Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor emerita: „Reikar dóttir sjómannsins enn um skóginn? Hugleiðingar um nám og kennslu í tungumálum í hálföld.“
- Guðbergur Bergsson, rithöfundur og þýðandi: „Hvað þýðir það að þýða?“

Háskólakórinn söng nokkur lög undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar kórstjóra. Fundarstjóri var Petrína Rós Karlsdóttir, formaður STÍL.



FYRIRLESTRAR Á VEGUM SVF


Vormisseri

- Mai Al-Nakib, rithöfundur: Fyrirlestur og bókakynning: „The Hidden Lights of Objects.“ Árnagarður, 14. janúar.
- Alan Macniven, dósent í sænsku við Edinborgarháskóla: „Staðanöfn frá víkingatímanum á eyggi Islay í Suðureyjum“. Lögberg, 16. febrúar.
- Guy Puzey, lektor í norsku við Edinborgarháskóla: „Félagsleg og pólitísk merking, málstefnur og landtáknfræðilegar birtingarmyndir þeirra (e. geosemiotics) á nokkrum stöðum í heiminum“. Lögberg, 16. febrúar.
- Gro-Tove Sandmark, lektor í norsku við Háskólann í Stavanger og fyrrum sendikennari í norsku við Háskóla Íslands. Fjölmenningsbókmenntir: „Á þeim tímum voru risarnir á jörðinni“. Oddi, 18. febrúar.
- Ida Marie Hede rithöfundur: „Skáldskapur Ida Marie Hede“. Lögberg, 9. mars.
- Linda Gray, prófessor, Global Studies, History and Culture við Union Institute & University í Vermont í Bandaríkjunum: „Fyrirlestur um Úkraínu“. Lögberg, 15. mars.
- Valter Hugo Mæe rithöfundur: „Afmennskun“. Askja, 15. mars.
- Lydia Gil Keff, lektor við spænskudeild Háskólans í Denver í Bandaríkjunum: „Minningar í bókmenntatextum um mannhvörf í Argentínu“. Lögberg, 30. mars.
- Orlando Luis Pardo Lazo, rithöfundur: „Straumar og stefnur í kúbverskum samtímabókmenntum“. Lögberg, 12. apríl.
- Toby Wikström, lektor í frönskum bókmenntum við Tulane University í Bandaríkjunum. „Orientalismi og ánauð í Alsír á 17. öld“. Lögberg, 15. apríl.

Haustmisseri

- Juan Pablo Mora, prófessor í málvísindum við Háskólann í Sevilla á Spáni: „Kennslufræði málvísinda: Reynsla frá Spáni“. Gimli, 20. september.
- Malene Monka, nýdoktor við Kaupmannahafnarháskóla: „Bliv klogere på dialekter i Danmark!“. Árnagarður, 3. október
- Nick Freeburn, doktorsnemi í heimspeki ástralskra frumbyggja við Southern Cross University in Lismore í Ástralíu: „Sögugerð ástralskra frumbyggja“. Oddi, 18. október.
- José Manuel Azcona, prófessor í nútímasagnfræði við Universidad Rey Juan Carlos í Madrid. „Samtímasaga Spánar“. Gimli, 2. nóvember.

ÚTGÁFA FRÆÐIRITA



Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu

Milli mála – Tímarit um tungumál og menningu kom út í áttunda sinn á árinu og í annað sinn í opnum aðgangi á <http://millimala.hi.is/is/> Ritstjórar voru þau Gísli Magnússon dósent í dönsku og Þórhallur Eyþórsson prófessor í ensku.


Í tímaritinu *Milli mála* eru birtar ritrýndar fræðigreinar á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku á sviði erlendra tungumála, bókmennta, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig eru þar birtar þýðingar, viðtöl, ritdómar og bókakynningar. Hefti ársins 2016 inniheldur níu ritrýndar greinar eftir innlenda og erlenda fræðimenn, m.a. fræðimenn SVF, þau Erlu Erlendsdóttur, François Heenen og Hólmfríði Garðarsdóttur. Þar er einnig að finna þýðingar á íslensku eftir Ásdísi R. Magnúsdóttur, Erlu Erlendsdóttur og Hólmfríði Garðarsdóttur. Sjá nánar um efni tímaritsins á www.millimala.hi.is/.



Heimar mætast. Smásögur frá Mexíkó

Í lok ársins kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni bókin *Heimar mætast. Smásögur frá Mexíkó*. Hún hefur að geyma sextán smásögur eftir jafnmarga höfunda og spanna þær tímabilið frá 1952 til 2009. Sögurnar veita innsýn í hið fjölbreytta mannlíf í Mexíkó þar sem ólíkir menningarheimar og ólíkir tímar mætast. Kristín Guðrún Jónsdóttir lektor í spænsku valdi sögurnar og þýddi auk þess sem hún skrifaði inngang að verkinu. Ritstjóri bókarinnar er Erla Erlendsdóttir dósent í spænsku.

Fræðirit starfsmanna SVF gefin út hjá öðrum forlögum



Cultural Minorities in Children's Literature and Verbal Culture

Á árinu gaf Háskólinn í Santiago de Compostela í samvinnu við SVF út bókina *Cultural Minorities in Children's Literature and Verbal Culture* eftir tólf fræðimenn sem tóku þátt í ráðstefnu samstarfsnetsins campUSCulturae, sem haldin var í samvinnu við SVF og Íslensku- og menningardeild. Í netinu, sem SVF átti aðild að, var fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast. Fulltrúi SVF í netinu var Gro-Tove Sandsmark, fv. lektor í norsku. Bókinni ritstýrðu Xosé A. Neira Cruz og Gro Tove Sandsmark, sem einnig skrifar inngang. Bókin inniheldur tólf greinar m.a. eftir Randi Benedikte Brodersen, fv. lektor í dönsku.

ALÞJÓÐLEG SAMSTARFSNET OG ÞRÓUNARVERKEFNI

Vefnámskeiðin Icelandic Online

Icelandic Online er samstarfsverkefni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Um er að ræða sjö vefnámskeið til sjálfsnáms í íslensku sem öðru máli sem tekin voru til notkunar á tímabilinu 2004-2013. Námskeiðin eru öllum opin án endurgjalds. Um 170.000 manns víðs vegar um heim hafa skráð sig í námskeiðin og þar af eru nú um 50.000 virkir notendur. Námskeiðin eru einnig nýtt í skipulögðu námi við Háskóla Íslands og erlenda háskóla þar sem nútímaíslenska er kennd.

Birna Arnbjörnsdóttir prófessor í ensku og annarsmálsfræðum er verkefnisstjóri Icelandic Online en hún hefur ásamt Úlfari Bragasyni, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Kolbrúnu Friðriksdóttur, kennara í íslensku sem öðru máli, stýrt verkefninu frá upphafi.

Birna Arnbjörnsdóttir verkefnisstjóri Icelandic online.



Til að mæta snjalltækjavæðingu samfélagsins og breyttum áherslum í tölvustuddri tungumálakennslu á síðustu árum var hafist handa við endurforritun Icelandic Online námskeiðanna árið 2014. Daníel Páll Jóhannsson, Össur Ingi Jónsson, Sigurður Birkir Sigurðsson, Úlfur Alexander Einarsson og Kristófer Reykjalín, tölvunarfræðinemar í Háskóla Íslands, hafa séð um forritun og tæknivinnu við nýja vefinn undir stjórn Patricks Thomas máltölvunarfræðings, sem hefur verið verkefnisstjórninni til ráðgjafar við þróun allra námskeiðanna. Katrín Elíasdóttir sá um hönnun á nýju útliti vefsins. Halldóra Þorlákssdóttir starfar sem ritstjóri og við yfirfærslu og aðlögun námskeiðanna að nýja vefumhverfinu en unnið er að því að laga þau að öllum tegundum snjalltækja, spjaldtölva og farsíma. Fyrsta endurforritaða námskeiðið var opnað þann 13. september 2016 en gert er ráð fyrir að

yfirfærslu allra námskeiðanna verði lokið árið 2018. Meðal nýjunga á endurforrituðum vef Icelandic Online er nýtt vöktunarkerfi sem mælir og greinir framvindu nemenda en Kolbrún Friðriksdóttir byggir á þeim gagnagrunni í doktorsrannsókn sinni á námshegðun nema í vefnámskeiðunum. Einnig er unnið að þróun kennarastýrðra námskeiða innan kerfisins í samvinnu við Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands.

Árið 2015 hóf Icelandic Online samvinnu við Fróðskaparsetrið í Færeyjum um að gera samskonar námskeið í færeysku sem öðru máli. Fyrsta netnámskeiðið í færeysku var opnað við hátíðlega athöfn þann 13. september 2016. Þá hófst samstarf við Helsinkiháskóla 2016 um að vinna vefnámskeið í finnslandssænsku sem öðru máli en það byggist einnig á hugmyndafræði Icelandic Online.

Verkefnið hefur notið fjárhagsstuðnings frá Lingua-áætlun ESB, Nordplus Sprog-áætluninni og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands auk þess sem Ríkisútvarpið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fjöldi einstaklinga og stofnana hafa lagt verkefninu lið. Rektorsskrifstofan, Vinnumálastofnun, Nordplus Voksen og Nordplus Sprog-áætlanirnar hafa stutt endurforritun Icelandic Online og samstarf verkefnisstjórnar við Fróðskaparsetrið og Helsinkiháskóla.

Icelandic Online-verkefnið hlaut Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands (2. verðlaun) árið 2005 og sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu íslensks máls á degi íslenskrar tungu árið 2014.



Halldóra Þorlákssdóttir,
verkefnisstjóri Icelandic
online.



LEXIA – íslensk-frönsk veforðabók

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum leiðir vinnu við gerð íslensk-franskrar veforðabókar, LEXIU, í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnið, sem hófst í október 2015, er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og bókmennta- og þýðingasjóðnum Centre National du Livre ásamt franska menningar- og samskiptaráðuneytinu. Það er jafnframt hluti af fjölþjóðlegu samstarfsverkefni á háskólastigi sem styrkt er af Erasmus+ áætluninni. Erlendir samstarfsaðilar eru Sorbonne-háskóli í Frakklandi og Gautaborgarháskóli í Svíþjóð.

Í september 2016 voru haldnir vinnufundir við Háskóla Íslands þar sem aðalræðufefnið var gerð íslensk-franskrar veforðabókar. Einnig var fundað um kennsluhluta verkefnisins en einn þáttur þess er þróun námskeiða í orðabókafræði, annars vegar við Háskóla Íslands (námskeið fyrir nemendur í frönskum fræðum og þýðingafraeði á haustmisseri 2016) og hins vegar við Sorbonne-háskóla (fyrir nemendur í norrænum fræðum á vormisseri 2017).

Fundinn sóttu ritstjórar og fræðimenn sem annast verkefnið fyrir SVF og Stofnun Árna Magnússonar, ásamt samstarfsaðilum frá Sorbonne-háskóla og Gautaborgarháskóla.

Á fundinum var framvinda orðabókarvinnunnar rædd, starfið framundan skipulagt og markmið sett fyrir árslok 2016. Farið var yfir helstu áskoranir sem vinna við tvímála orðabók felur í sér og aðferðafræði sem og framsetning samræmd. Hópnun gafst jafnframt tækifæri til að ræða helstu vandamál sem komið hafa upp við vinnuna við markmálið, frönsku, og finna lausnir á þeim í sameiningu. Einnig var rætt um notkun textasafna og orðabóka við vinnuna.

Ritstjórar orðabókarinnar eru Þórdís Úlfarsdóttir fyrir íslenska hlutann og Rósa Elín Davíðsdóttir fyrir þann franska.



Rósa Elín Davíðsdóttir
ritstjóri franska hluta
orðabókarinnar.



Samstarfsnetið Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden

Í lok árs 2015 veitti Nordplus Sprog og Kultur ársstyrk til samstarfsnetsins Sprog- og kulturkontakt í Vestnorden undir forystu Auðar Hauksdóttur prófessor í dönsku en markmiðið með starfsemi netsins er að rannsaka og miðla upplýsingum um tengsl tungumála og menningar á Vestur-Norðurlöndum. Þátttakendur í netinu eru auk Auðar: Karen Langgård lektor við Háskóla Grænlands, Katti Frederikssen og Per Langgård, bæði sérfræðingar hjá Málráði Grænlands, Brit Mæhlum prófessor við Háskólann í Þrándheimi, Karoline Kühl og Nina Møller Andersen, báðar lektorar við Kaupmannahafnarháskóla, Peter Juel Henrichsen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Malan Marnesdóttir prófessor og lektorarnir Bergur D. Hansen og Zakaris Svabo Hansen, öll þrjú við Fróðskaparsetur Færeyja og Ulla Börestam prófessor við Uppsalaháskóla. Aðrir þátttakendur frá SVF eru Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í ensku, Gísli Magnússon, lektor í dönskum bókmenntum, Pernille Folkmann, lektor í dönsku máli, Þórhallur Eypórsson, prófessor í ensku, og Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku. Vinnufundur netsins var haldinn í Reykjavík dagana 12.-13. mars auk þess sem myndarleg ráðstefna á þess vegum fór fram í Reykholti dagana 23. og 24. maí (sjá nánar um ráðstefnuna á bls. 7). Um mitt ár 2016 veitti Nordplus Sprog og Kultur-áætlunin styrk á ný til að halda úti samstarfi netsins í tvö ár. Þátttakendur í samstarfinu eru þeir sömu og fyrir að viðbættum Gunnstein Akselberg prófessor við Háskólann í Bergen og Elizabeth Lanza prófessor við Oslóarháskóla.



Tölvustudd námsgögn í þágu dönskunáms


Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, fer fyrir norrænum rannsóknarhópi sem vinnur að þróun námsganga fyrir dönskukennslu í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Annars vegar er um að ræða námsgagnið, www.taleboblen.hi.is sem er ætlað að auðvelda nemendum að tileinka sér danskt talmál og hins vegar tölvuleikinn www.talerum.hi.is sem byggist á því að nemendur læri dönsku með því að nota málið til að leysa þrautir sem leikurinn býður upp á. Auk Auðar taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefninu þau Peter Juel Henriksen, dósent í tölvumálvísindum við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Katti Frederiksen, fræðimaður við Málráð Grænlands, og lektorarnir Jónhard Mikkelsen og Vár í Ólavsstovu, bæði við Fróðskaparsetur Færeyja. Aðrir sem komið hafa að verkefnunum eru Anna Margrét Bjarnadóttir, MA í dönsku, Guðrún Haraldsdóttir, arkitekt og BA í dönsku, og Björn Þorvarðarson tölvufræðingur, ásamt tölvufræðinemunum Tuma Snæ Gíslasyni og Gezim Haziri. Auk þess hafa dönskukennarar í grunn- og framhaldsskólum í löndunum þremur og nemendur þeirra komið að verkefnunum. Taleboblen hefur verið styrkt af Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni og Norræna menningarsjóðnum en tölvuleikurinn Talerum hefur notið styrkja frá Nordplus Sprog og kultur-áætluninni og frá sjóðnum til eflingar dönskukennslu, sem danska og íslenska menntamálaráðuneytið standa að.

Á árinu veitti Nordplus Sprog og Kultur-áætlunin fé til að hægt væri að aðlaga www.frasar.net og www.taleboblen.hi.is að notkun í snjallsímum. Vinna við verkefnið hófst á árinu.

www.taleboblen.hi.is.



Fraser Samtaler Talebob Om Os



HØR EN FRASE,
SIG DEN SELV
OG FÅ FEEDBACK
FRA TALEBOB

HØR PÅ
SAMTALER
OG TAL
SELV

LEG MED
MUSIK

FIND EN FRASE,
SAMT DENS
BETYDNING OG
BRUG

MØD ANDRE
ELEVER I VEST-
NORDEN, SOM
OGSÅ LÆRER
DANSK

OM
TALE-
BOBLEN



AÐRIR VIÐBURÐIR

Japanshátíð

Hin árlega Japanshátíð fór fram laugardaginn 30. janúar á Háskólatorgi. Þar gafst gestum og gangandi tækifæri til að kynnst japanskri menningu af eigin raun, m.a. að brjóta origami, teikna mangafígúrus og berja glæsilegan japanskan klæðnað og fagarar lkebana-blómaskreytingar augum. Gestir fengu einnig að kynnst japönskum tesiðum, dreypa á ljúfengu japönsku tei og bragða japanskan mat. Á sérstökum tungumálabás var hægt að fræðast um töfra japanskrar tungu og fá nafn sitt ritað á japönsku.

Japönsk dægurmenning skipaði veglegan sess á hátíðinni. Japönsk dægurtónlist (J-pop) var kynnt og nemendur sungu og spiluðu lög úr þekktum Anime-teiknimyndum ásamt sígildri japanskri tónlist. Hefðbundinn japanskur klæðnaður var sýndur og kynntur á sérstakri tískusýningu og jafnframt stigu sérfræðingar í japanskri bardagalist á stökk og sýndu listir sínar.

Einn af hápunktum Japanshátíðarinnar síðustu ár hefur verið svokölluð Cosplay-búningakeppni, þar sem keppendur klæðast búningum byggðum á frægum persónum úr japönskum teiknimyndum.

Upplýsingar um nám í japönsku og skiptinám við japanska háskóla lágu frammi á hátíðinni auk þess sem gestum gafst kostur á að kynna sér starfsemi Íslensk-japanska félagsins og Félags Japansmenntaðra á Íslandi.



Café Lingua – stefnumót við tungumál

Café Lingua – lifandi tungumál er áhugaverður vettvangur fyrir tungumálanám sem Borgarbókasafn Reykjavíkur stendur fyrir í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Mála- og menningardeild, námsleið í íslensku sem öðru máli og Íslenskuþorpið. Tilgangurinn með Café Lingua er að skapa aðstæður fyrir tungumálanám með því stefna saman tungumálanemum til að deila með öðrum móðurmáli sínu og því tungumáli sem þeir eru að læra.

Á árinu tók SVF þátt í tveimur slíkum stefnumótum. Annars vegar Café Lingua rómanskra tungumála sem fram fór í Stúdentakjallaranum 11. febrúar, þar sem nemendur og kennarar í spænsku, frönsku og ítölsku við Háskóla Íslands buðu öllum áhugasömum um þessi þrjú tungumál til tungumálastefnumóts. Þar voru einnig kynnt tækifæri í námi í rómönskum tungumálum við Háskóla Íslands og dúóið „La Belle et la Bête“ steig á stökk. Hins vegar tók SVF þátt í tungumálastefnumóti í Stúdentakjallaranum 6. október, þar sem íslenska sem annað mál var í brennidepli, en veg og vanda af viðburðinum höfðu námsleiðin íslenska sem annað mál og nemendur í Mála- og menningardeild.





Hafdís Ingvarsdóttir sæmd heiðursverðlaunum FIPLV

Heiðursverðlaun FIPLV, Fédération Internationale des Professeurs de Langues Vivantes, 2015, hlaut Hafdís Ingvarsdóttir, fyrsti formaður STÍL – Samtaka tungumálakennara á Íslandi og fyrrum prófessor við Háskóla Íslands í menntunarfræði og kennslufræði með kennslu erlendra tungumála sem sérsvið.

Hafdís hefur í störfum sínum einkum beint sjónum að menntun tungumálakennara en einnig tungumálanámi og tungumálakennslu. STÍL tilnefndi Hafdísi fyrir störf hennar og afhentu Sigurborg Jónsdóttir, forseti NBR, Nordic Baltic Region of FIPLV, fyrir hönd FIPLV, og Petrína Rós Karlsdóttir, forseti STÍL, verðlaunin við hátíðlega athöfn í Hannesarholti 18. febrúar.

Heiðursverðlaun Fédération Internationale des Professeurs de Langues Vivantes eru æðsta viðurkenning samtakanna og veitt þeim félögum sem skarað hafa fram úr á einu eða fleiri sviðum tungumálanáms og tungumálakennslu. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur óskar Hafdísi hjartanlega til hamingju með verðskuld-
aða viðurkenningu.

Kínversk nýárshátíð

Efnt var til menningarveislu í tilefni kínverska nýársins laugardaginn 20. febrúar. Hátíðin hófst með drekadansi við Aðalbyggingu Háskólans og síðan tók við fjölbreytt dagskrá á Háskólatorgi, þar sem allir gátu fundið sitt hvað við sitt hæfi. Til dæmis gátu gestir notið bardagalistar, kínverskrar tónlistar, karaóki og skrautskriftar eða gætt sér á ljúffengum kínverskum mat og dreypt á kínversku gæðatei.



Tungumálaleikhús – íslenska fyrir unga innflytjendur

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, námsleiðin íslenska sem annað mál, Menntavísindasvið og Borgarbókasafn Reykjavíkur stóðu saman að því að þróa „tungumálaleikhús“ þar sem tungumál eru kennd með iðkun leiklistar. Á haustmíssi fór fram tilraunaverkefni samstarfshópsins sem hrint var í framkvæmd í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Boðið var upp á íslenskukennslu í gegnum leiklist fyrir tvo hópa nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sem hafa íslensku sem annað mál. Í öðrum hópnum, sem var stutt á veg kominn í náminu, voru fimmtán nemendur en í hinum voru nemendur nítján talsins og lengra komnir.

Námskeiðin, sem fóru fram í Gerðubergi, hófust þann 12. september 2016 og voru haldin vikulega, 90 mínútur í senn í þrettán vikur. Kennarar voru þær María Garðarsdóttir, aðjunkt í íslensku sem öðru máli, og Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönsku, báðar við Háskóla Íslands. Umsjón með námskeiðunum hafði Ásta Ingibjartsdóttir en hún hefur áralanga reynslu af kennslu tungumála í gegnum leiklist.

Námskeiðið tvinnuði saman leiklist og íslenskukennslu í óhefðbundnu kennsluumhverfi. Markmiðið var að auka færni nemenda til að tala íslensku, þjálfra framsögn, styrkja sjálfsmynd nemenda og ýta undir frásagnarhvöt þeirra og ímyndunarafl. Námskeiðunum lauk með 35 mínútna sýningu, þar sem nemendur sýndu stuttar uppsetningar á örsögum Elísabetar Jökulsdóttur ásamt því að flytja eigin ljóð. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) og Próunarsjóður innflytjendamála veittu styrki til verkefnisins.



Ásta Ingibjartsdóttir
aðjunkt í frönsku og
María Garðarsdóttir
aðjunkt í íslensku sem
öðru máli.

Heimsókn Menningarmálanefndar færeyska Lögbingsins

Hanna Jensens, formaður Menningarmálanefndar Lögbings Færeyinga, ásamt fimm nefndarmönnum, þeim Bjørn Kalsø, Kristianna W. Poulsen, Jónleif Johannesen, Óluva Klettskard og Katrin Kallsberg og ritara nefndarinnar Høgni Joensen, heimsóttu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur mánudaginn 19. september.

Í tilefni heimsóknarinnar var efnt til fundar í Safnahúsinu. Í upphafi fundarins bauð Vigdís Finnbogadóttir gestina velkomna og þakkaði Færeyingum fyrir mikilvægan stuðning við stofnunina og þá sérstaklega rausnarlegt framlag Lögbingsins og færeyskra fyrirtækja árið 2010 til nýbyggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Auður Hauksdóttir forstöðumaður kynnti starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og sagði frá samstarfi hennar við færeyska fræðimenn. Í máli hennar kom fram að stjórn Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar hafi ákveðið að leggja áherslu á tungumál og menningu á Vestur-Norðurlöndum á fyrstu starfsárum stofnunarinnar og að í því fælust kærkomin tækifæri til frekara samstarfs við Færeyjar en fræðimenn frá Fróðskaparsetri Færeyja hafa tekið þátt í mörgum rannsóknarverkefnum sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur átt frumkvæði að eða verið þátttakandi í. Menningarmálanefndin lýsti yfir mikilli ánægju sinni með samstarfið og lét í ljós áhuga á að efla það enn frekar.





Gestir frá Jagiellonian-háskóla í Krakov í Póllandi

Dagana 21.-25. nóvember dvaldi sjö manna sendinefnd frá Jagiellonian-háskóla í Krakov í Póllandi hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Mála- og menningardeildar. Í hópnum voru Alicja Waligóra-Zblewska, kennslustjóri og dósent í ensku, Jolanta Rutkowska, lektor í ensku, Jolanta Śniechowska, dósent og greinarformaður í ensku, og Maciej Wzorek, lektor í ensku, verkefnisstjóri viðskiptaensku, ásamt Małgorzata Kręcioch, lektor í spænsku og tveimur verkefnisstjórum, þeim Magdalena Klimala og Małgorzata Kwiatkowska. Gestirnir sátu tíma hjá Hólmfríði Garðarsdóttur, prófessor í spænsku, Mami Nagai, sendikennara í japönsku, og Moniku Sienkiewicz, stundakennara í pólsku. Auk þess áttu gestirnir fund með Auði Hauksdóttur, prófessor í dönsku og forstöðumanni SVF, Guðrúnu Björk Guðsteinsdóttur, prófessor og námsbrautarstjóra í ensku, Erlendínu Kristjánsdóttur, aðjunkt í ensku, Eiríki Smára Sigurðarsyni, rannsóknastjóra Hugvísindasviðs, Eyjólf Må Sigurðssyni, forstöðumanni Tungumálamiðstöðvarinnar, Bernharð Antoniussen, verkefnisstjóra Mála- og menningardeildar, og Guðrúnu Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Fundur með frambjóðendum um tungumálakennslu

Í tilefni af alþingiskosningum buðu STÍL, Stofnun Vigdísar og Mála- og menningardeild frambjóðendum allra stjórnámálflokka til fundar við sig fimmtudaginn 20. október á Café Haiti til að ræða stöðu erlendra tungumála í skólum landsins. Yfirskrift fundarinnar var „Höldum Íslandi fjölyngdu“ og voru frambjóðendur beðnir um að svara hver afstaða flokks þeirra væri til málaflokksins og hvernig þeir sæju fyrir sér að efla mætti fjölyngi á Íslandi.

Fundarboðendur bentu á að mjög hefði þrengt að kennslu erlendra tungumála í framhaldsskólum vegna styttingar náms til stúdentsprófs og að það muni óhjákvæmlega draga úr tungumálakunnáttu Íslendinga til lengri tíma lítið, verði ekkert að gert. Þá væri það áhyggjuefni að háskólakennsla í tungumálum líði fyrir fjárhagskort og því erfitt að koma nægilega vel til móts við þarfir nemenda. Vaxandi fjöldi ferðamanna hafi aukið þörfina fyrir tungumálakunnáttu í þjóðfélaginu og þegar blasi



við skortur á sérhæfðu starfsfólki sem búi yfir nægri tungumálaþekkingu og sem hafi sérhæft sig til starfa í ferðaþjónustu. Þá séu það sígild sannindi að kunnátta í erlendum tungumálum stuðli að víðsýni, fágun og andríki meðal þjóðarinnar sem ekki verði metið til fjár.

Meðal þeirra sem tóku til máls voru, Margrét Helga Hjartardóttir, formaður Félags frönskukennara á Íslandi, Geir Sigurðsson, forseti Mála- og menningardeildar og fulltrúi nemenda við sömu deild. Fundarstjóri var Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku.



Góðir gestir frá Grænlandi

Nefndarmenn og ritari nefndar grænlenka þingsins, Inatsisartut, fyrir menningu, menntir, rannsóknir og kirkju, ásamt starfsmanni þingsins heimsóttu SVF í desember en nefndin hafði óskað eftir kynningu á rannsóknum Auðar Hauksdóttur á dönskukennslu og stöðu dönsku hér á landi og rannsóknum Birnu Arnbjörnsdóttur á enskukennslu og stöðu ensku hér á landi. Gestirnir óskuðu sérstaklega eftir því að fá innsýn í aðdraganda þess að farið var að kenna ensku sem fyrsta erlenda mál í íslenskum grunnskólum í stað dönsku og hvernig til hefði tekist með breytinguna.

Auður og Birna skipulögðu fund með nefndarmönnum, þar sem var fjallað um framangreind efni. Þá gafst einnig tækifæri til að skýra grænlenku gestunum frá fyrirætluum um starfsemi Vígðisastofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar en stjórn hennar hefur ákveðið að fyrstu starfsárin verði helguð tungumálum og menningu á Vestur-Norðurlöndum, þ.e. Grænlandi, Færeyjum, Íslandi og vesturströnd Noregs. Að fundi loknum gafst gestunum tækifæri á að skoða nýbygginguna og kynna sér þá starfsemi sem þar verður.

VIGDÍSARSTOFNUN – ALÞJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR

Stjórn

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur undanfarin ár unnið að því að Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar geti hafið starfsemi sína en stefnt er að því að hún verði opnuð í apríl 2017. Miðstöðinni hefur verið skipuð sex manna stjórn í samræmi við samning milli íslenskra stjórnvalda og UNESCO, sem á tvo fulltrúa í stjórninni. Aðrir í stjórn eru fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis og þrír fulltrúar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Stjórnina skipa Susanne Schnuttgen sérfræðingur, tilnefnd af UNESCO, Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, tilnefndur af íslensku UNESCO-nefndinni, Guðrún Kvaran, prófessor emerita í íslensku, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra og af hálfu SVF sitja í stjórninni þau Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum, og Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku.



Meðlimir í stjórn Vigdísarstofnunar - alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, frá vinstri: Auður Hauksdóttir, formaður, Eiríkur Smári Sigurðarson, Þórhallur Eypórsson, Ásdís R. Magnúsdóttir og Guðrún Kvaran.

Á fyrsta fundi stjórnar hinn 20. september 2015 var ákveðið að fyrstu árin í starfsemi Vigdísarstofnunar yrðu helguð tungumálum og menningu á Vestur-Norðurlöndum; annars vegar rannsóknum á tungumálum og menningu og hins vegar þekkingarmiðlun. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur tekið mið af þessum áformum í störfum sínum. Í því sambandi má nefna að myndað hefur verið fjölþjóðlegt samstarfsnet fræðimanna sem hafa sérhæft sig í tengslum tungumála og menningar á vestnorræna svæðinu og hefur það hlotið styrk frá Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni.

Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar verður til húsa í nýbyggingu tungumálanna, sem nú er í byggingu, en hún mun hýsa alþjóðlegu tungumálamiðstöðina og þar mun fara fram kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum. Þar verður einnig Vigdísarstofa og aðstaða fyrir ráðstefnur og sýningar um framandi tungumál og menningu sem opnar verða gestum og gangandi. Sérstök áhersla verður lögð á að miðla upplýsingum um tengsl Íslands við umheiminn í sögu og samtíð til erlendra ferðamanna. Í þessu nýja þekkingarsetri felast gríðarleg tækifæri til nýsköpunar, ekki síst í tengslum við vísindastarfsemi og menningartengda ferðapjónustu.



Prófessorarnir Bernard Comrie og Lars Borin.

Fundur alþjóðlegrar ráðgjafanefndar

Á undanförunum árum hafa nokkrir alþjóðlega viðurkenndir fræðimenn verið Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til ráðuneytis um uppbyggingu alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar, en þeir eru: Anne Holmen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla og forstöðumaður Center for Internationalisering og Parallelsproglighed (CIP), Anju Saxena, prófessor í málvísindum við Uppsalaháskóla, Bernard Comrie, prófessor í málvísindum við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, Jens Allwood, prófessor í málvísindum við Gautaborgarháskóla, Lars Borin, prófessor í málvísindum við Gautaborgarháskóla og forstöðumaður Språkbanken, og Peter Austin, prófessor í málvísindum við SOAS Lundúnaháskóla. Einnig tók Henriette Walter, prófessor emeritus í málvísindum við Université de Haute-Bretagne og forstöðukona rannsóknarstofu í hljóðfræði við l'École pratique des hautes études (Sorbonne), þátt í fundi nefndarinnar á árinu 2015. Kostnaður við starfsemi ráðgjafanefndarinnar hefur verið greiddur með styrk frá Riksbankens Jubileumsfond – hátíðarsjóði sænska seðlabankans. Á árinu tók ráðgjafanefndin þátt í ráðstefnu vest-norræna samstarfsnetsins, sem fram fór í Reykholti í lok maí (sjá nánar bls.11). Þar gafst tækifæri til að kynna og ræða rannsóknir á tengslum tungumála og menningar á Vestur-Norðurlöndum og hvernig þær gætu tengst starfsemi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar.

Ríkisstjórn Íslands styrkir starfsemi Vigdísarstofnunar

Í nóvember átti forstöðumaður SVF fund með Sigurði Inga Jóhannssyni fyrrverandi forsætisráðherra til að kanna möguleika á aðkomu ríkisins að rekstri Vigdísarstofnunar. Í framhaldi fundarins var sent skriflegt erindi til ríkisstjórnarinnar þar sem falast var eftir fjárhagslegum stuðningi við verkefni stofnunarinnar til þriggja ára. Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 8. nóvember var samþykkt að verða við erindinu en þar sem um starfsstjórn var að ræða var málinu vísað til fjárlaga-gerðar. Þar var staðfest að ríkið kæmi til móts við þarfir Vigdísarstofnunar með því að styrkja rekstur hennar árin 2017, 2018 og 2019 með 20 milljóna króna árlegu framlagi. Þessi rausnarlegi stuðningur skiptir stofnunina gríðarlega miklu máli. Fjármunum verður varið til að greiða laun viðburðar- og kynningarstjóra og mæta kostnaði við sýningarhald.

Staða forstöðumanns Vigdísarstofnunar auglýst til umsóknar

Staða forstöðumanns Vigdísarstofnunar var auglýst laus til umsóknar hinn 7. júlí með umsóknarfresti til 15. september. Áhersla var lögð á að koma upplýsingum um stöðuna á framfæri sem víðast gegnum netlista og tengslanet starfsmanna erlendis. Alls bárust 17 umsóknir um starfið frá virtum fræðimönnum víða um heim og af þeim voru sex teknir í viðtal. Í ljósi frammistöðu í viðtölunum var þeim tveimur umsækjendum, sem álitlegastir þóttu, boðið að koma og halda fyrirlestur og kynna sig fyrir starfsmönnum SVF. Í kjölfar funda með starfsmönnum var ákveðið að bjóða Dr. Sebastian Drude starfið.



Nýbygging SVF rís





MARKMIÐ OG HLUTVERK VIGDÍSARSTOFNUNAR

Skv. samningi sem gerður var við UNESCO í júní 2013 eru markmið og hlutverk Vigdísarstofnunar sem hér segir:

- a. stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- b. auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifð mannkyns;
- c. leggja sitt af mörkum til varðveislu tungumála;
- d. sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjöltyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning;
- e. stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum skilningi;
- f. leggja sitt af mörkum til vöktunar á framkvæmd málstefnu og málstýringar á sviði móðurmála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- g. stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu;
- h. styðja og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum;
- i. stuðla að athugunum, greiningum og tölfræðisamantektum á þýðingafleði.

Þar segir enn fremur að hlutverk Vigdísarstofnunar séu að:

- a. vinna að og hvetja til varðveislu tungumála með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heims;
- b. styðja lífgun tungumála og skapa „tungumálasafn“ – sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni með sýningum sem hægt verður að njóta á staðnum og á Netinu;
- c. stuðla að og miðla rannsóknum um tungumál og menningu sem þætti í menningararfleifð mannkyns með því að styðja rannsóknarstöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, einnig frá þróunarlöndum;
- d. bjóða upp á vettvang og aðstöðu fyrir doktorsnema og fræðimenn erlendis frá, einkum frá þróunarlöndum;
- e. hugsa upp og miðla um allan heim áætlunum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu;
- f. styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpólitíkur;
- g. útvega aðstöðu og sérfræðiþekkingu fyrir rannsóknaverkefni og miðla niðurstöðum með sérstöku tilliti til markmiða Vigdísarstofnunar;
- h. sýna hvernig viðhorf til móðurmálsins og skýr málstefna geti aukið læsi og menntun fyrir tilstilli rannsóknaverkefna og miðlunar þekkingar;
- i. þróa alþjóðlegan umræðuvettvang;
- j. vinna með öllum viðeigandi UNESCO-verkefnum, einkum á sviði vöktunar á þýðingafleði, eins og Index Translationum (Alþjóðlegu þýðingaskrárinnar).

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf á árinu sitt níunda starfsár. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban-stofnunarinnar sem heyrir undir kínverska menntamálaráðuneytið.

Í stjórn Konfúsíusarstofnunar, sem starfar í tengslum við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sátu Xu Tiefeng, aðstoðarrektror Ningbo-háskóla, formaður, Chen Yujuan, forstöðukona alþjóðaskrifstofu Ningbo-háskóla, Guðmundur Hálfðánarson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Geir Sigurðsson, deildarforseti Mála- og menningardeildar, og Magnús Björnsson, sem jafnframt gegndi stöðu forstöðumanns stofnunarinnar. Á árinu störfuðu við stofnunina sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang, Qi Huiming og Fei Jie. Aðrir starfsmenn, auk forstöðumanns, voru þau Stefán Ólafsson viðburðastjóri og þorgerður Anna Björnsdóttir verkefnastjóri, bæði í hlutastarfi.



Kennsla

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við kennslu í námsleið í kínverskum fræðum við Mála- og menningardeild. Stofnunin vinnur auk þess að því að koma á kínverskukennslu í íslensku samfélagi, m.a. í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári var haldið áfram með þá góðu vinnu og frekar bætt í enda mikil eftirspurn eftir slíkri kennslu.

Menningarviðburðir

Konfúsíusarstofnunin stóð fyrir ýmsum menningarviðburðum á árinu. Helst ber að nefna hina hefðbundnu nýárshátíð sem haldin var í febrúar í tengslum við kínverska nýárið. Hátíðin tókst vel í alla staði og var sem fyrr fjölsótt. Einnig má nefna dag Konfúsíusarstofnunarinnar sem var haldinn hátíðlegur í september í Hörpu. Eftir móttöku með skemmtiatriðum stóð stofnunin fyrir hátíðartónleikum í Kaldalóni þar sem píanóleikarinn David Witten lék kínversk og vestræn verk.

Málþing og fyrirlestrar

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós ásamt Heimspækistofnun stóðu fyrir málþinginu Siðferðissálfræði Kína og vestursins, fortíð og framtíð. Fræðimenn frá Litháen héldu erindi á málþinginu sem og Mikael M. Karlsson prófessor emeritus, Gunnar Harðarson prófessor, Vilhjálmur Árnason prófessor, allir við Sagnfræði- og heimspékideild og Geir Sigurðsson, prófessor við Mála- og menningardeild HÍ.

Stofnunin stóð fyrir fjölda fyrirlestra um ýmis efni tengd Kína, kínverskri menningu og samfélagi á árinu. Voru efni fyrirlestranna á mjög breiðu sviði. Má m.a. nefna fyrirlestur búlgarska fræðimannsins Alexander B. Alexiev um kínverskan húmor og fyrirlestur þýsku fræðikonunnar Monika Gaenssbauer sem bar titilinn „The Reception of Daoism in the German-language Context“. Jim Behuniak hélt tvo fyrirlestra um taosima en þeir voru haldnir í samstarfi við Heimspækistofnun. Auk þess komu tveir fræðimenn frá Kína, Yu Junling fjallaði um taiji og Li Weihong fjallaði um heilsu-qigong. Báðir voru þessir fyrirlestar í samstarfi við Heilsudrekann. Að lokum má nefna fyrirlestur Ragnars Baldurssonar um námsár sín í Kína í tengslum við útgáfu bókar hans *Nineteen Seventy-six* sem kom nýlega út hjá Penguin bókaforlaginu.



STYRKIR OG GJAFIR

Veglegir styrkir fyrirtækja til reksturs SVF og endurgerð heimasíða Vigdísar

Forsvarsmenn ellefu stórra fyrirtækja úr íslensku atvinnulífi og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu hinn 27. janúar samninga um veglega styrki til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Undirritunin fór fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands að viðstaddri Vigdís Finnbogadóttur, Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra og fjölda annarra gesta.

Fyrirtækin sem standa að samningunum eru Landsbankinn, Icelandair Group, Radisson Blu Hótel Saga, Arion banki, Alvogen, Bláa Lónið, Kvika, Reginn, Íslandsbanki, Íslandshótel og N1. Styrkirnir eru allir nema einn til þriggja ára og nema árleg framlög frá 500 þúsundum til tveggja milljóna króna. Hæstu framlögin eru frá Landsbankanum (6 milljónir), Icelandair Group (4,5 milljónir) og Radisson Blu Hótel Sögu (3,5 milljónir). Alvogen, Arion banki, Bláa Lónið, Kvika og Reginn leggja stofnuninni til 3 milljónir og Íslandsbanki, Íslandshótel og N1 1,5 milljón króna. Alls nema styrkirnir því 33,5 milljónum króna á samningstímanum.

Styrkjunum verður varið til daglegrar starfsemi SVF vegna undirbúnings Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Með starfsemi alþjóðlegru tungumálamiðstöðvarinnar er ætlunin að heiðra störf Vigdísar í þágu tungumála og halda áfram því brautryðjendastarfi sem hún hefur unnið á alþjóðavettvangi sem fyrsti og eini velgjörðarsendiherra tungumála í heiminum hjá UNESCO.

Við sama tækifæri opnuðu Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Aþena Vigdís Eggertsdóttir, dótturdóttir Vigdísar, nýja heimasíðu Vigdísar á nokkrum tungumálum (www.vigdis.is). Vinnu við síðuna var hrint af stað í tilefni af 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna á síðasta ári fyrir styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu. Þær Þóra Kristín Jónsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir tóku að sér að endurskoða innihald hennar og þau Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Valgerður Jónasdóttir grafískur hönnuður og Sindri Snær Einarsson vefsmiður hafa unnið að endurgerð síðunnar, sem nú birtist á ensku, dönsku, frönsku og þýsku. Þýðingarnar önnuðust Anna Jeeves, Erik Skyum-Nielsen, Katrín Eyjólfsson og Sabine Leskopf. Það er mikill veigur í því að fá síðuna á erlend mál, þar sem við fáum mjög oft fyrirspurnir um ævi og störf Vigdísar erlendis frá.

Með veglegum framlögum sínum taka fyrirtækin höndum saman við Háskóla Íslands um að hrinda metnaðarfullu verkefni í framkvæmd. Rausnarlegir styrkir fyrirtækjanna og áhugi þeirra á starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur skipta gríðarlega miklu máli og eru einnig mikil hvatning. Sem endranær stendur stofnunin einnig í þakkar-skuld við Ásmund Stefánsson fv. bankastjóra Landsbankans, en hann hefur verið stofnuninni mikill haukur í horni.

Forsvarsmenn tíu fyrirtækja ásamt fulltrúum Háskólans. Á myndina vantar Robert Wessman forstjóra Alvogén.





Gögn og styrkir til frekari þróunar www.vigdis.is

Á alþjóða baráttudegi kvenna hinn 8. mars fékk SVF afhent safn upplýsinga á rafrænu formi um líf og störf Vigdísar Finnbogadóttur. Efnið verður gert aðgengilegt á www.vigdis.is ásamt fjölda ljósmynda sem eru til vitnis um mikilvægt framlag hennar hér heima og erlendis.

Valdar verða ljósmyndir sem verða skannaðar, unnar og aðlagðar að vef. Notast verður við fjölmiðlaefni í þremur bókum sem safnað var af fjölmiðlavakt Creditinfo en auk þess verður nýju efni bætt við frá árinu 2009 til dagsins í dag. Hluta efnisins verður hægt að skoða í Vigdísarstofu sem verður til húsa í nýbyggingu SVF. Þetta viðamikla verkefni mun sjá til þess að varðveita heimildir um forsetatið Vigdísar og auka aðgengi allra að efni um hana. Creditinfo, Íslandsbanki, Veritas Capital og Pfaff standa að verkefninu.



Vísindasamstarf við Vesturheim



Stephan Vilberg Bendiktson.

Stephan Vilberg Bendiktson gaf á árinu 100 þúsund Bandaríkjadali í minningu afa síns, Stephans G. Stephanssonar. Fjárhæðinni er ætlað að styrkja aukið samstarf við Vesturheim.

Stephan útskrifaðist sem verkfræðingur frá University of Alberta og starfaði í um hálfu öld við olíu- og gasvinnslu víðsvegar um heim, meðal annars í Kanada, Bandaríkjunum, Ástralíu, Indónesíu og Sádi-Arabíu. Um langt skeið átti hann einnig og rak búgarð í Alberta-fylki. Hann er stofnandi Benson Ranch Inc., sem núorðið sinnir aðallega bókaútgáfu. Hann er jafnframt þekktur velgjörðamaður lista, menningar og vísinda beggja vegna hafs. Stephan býr ásamt konu sinni Adriana Kroes í San Miguel de Allende, Mexíkó.

Vonir standa til að þetta framlag geti orðið vísir að sjóði sem hefði það að markmiði að rækta samstarf og samvinnu á sviði bókmennta, tungumáls og menningar.

Japanskt brúðuleikhús frá Shinako Tsuchiya

Í ágúst sótti japanska þingkonan Shinako Tsuchiya Ísland heim. Af því tilefni færði hún Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur forkunnarfallegt japanskt brúðuleikhús að gjöf, en mikil vinátta var með föður hennar, þingmanninum Yoshihiko Tsuchiya, fyrrum forseta japanska þingsins, og Vigdísar Finnbogadóttur. Vigdís veitti gjöfinni viðtöku og lét í ljós ánægju sína með þessa einstöku gjöf. Hún sagðist minnst Yoshihiko Tsuchiya með virðingu og þakklæti og að vinátta hans og fjölskyldu hans yrði seint fullmetin.

Shinako Tsuchiya er fyrrum formaður utanríkismálanefndar japanska þjóðþingsins og formaður Vináttufélags Japans og Íslands á þinginu. Hún er jafnframt formaður Japanska-Íslenska vináttufélagsins. Að þessu sinni kom hún til Íslands í boði forseta Alþingis í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá upphafi stjórn málasambands Japans og Íslands.



Bókagjöf úr safni Thors Vilhjálmssonar


Á fjölmennu málþingi í Hátíðarsal Háskóla Íslands í tilefni af Evrópska tungumáladeginum, 26. september sl., færðu bræðurnir Guðmundur Andri og Örnólfur Thorssynir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf viðamikilð safn föður þeirra, Thors Vilhjálmssonar rithöfundar, af erlendum bókum. Safnið hefur að geyma margar af helstu perlum heimsbókmenntanna, einkum evrópskra samtímabókmennta. Þessi rausnarlega bókagjöf eins ástsælasta rithöfundar Íslendinga á síðari tímum og mikilvirks þýðanda erlendra bókmennta á íslensku eru stofnuninni mikils virði, ekki síst þar sem þýðingum er ætlað sérstakt hlutverk í alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni, sem nú er í undirbúningi.

Í gjafabréfi bræðranna segir svo: „Alla sína ævi leitaðist Thor við að fylgjast grannt með því sem efst var á baugi í bókmenntum heimsins hverju sinni. Hann leit á það sem hluta af rithöfundarstarfinu og þeirri menningarkynningu sem hann rækti alla tíð hér á landi. Hann víðaði að sér bókum, las þær vandlega, oft með pennann á lofti, svo að bækurnar bera þess persónuleg merki hver fór um þær höndum. Hann lagði sig sérstaklega eftir bókmenntum frá Frakklandi og Suður-Ameríku, Ítalíu, Spáni, Bandaríkjunum og Japan, án þess þó að vanrækja ýmis önnur lönd eða menningarsvæði.

Það er von okkar að bækur þessar megi nýtast áhugasömum lesendum og stúdentum um ókomin ár innan vébanda þessarar merku stofnunar og vera lifandi vitnisburður um mikilvægi þess að fylgjast með straumum sinnar tíðar af vakandi forvitni.“


Gjöfinni fylgja eintök af þýðingum Thors. Einnig fylgja henni handrit Thors og drög að þýðingum hans.

Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, veitti bókagjöfinni viðtöku. Hún þakkaði bræðrunum rausnarlega gjöf og góðan hug þeirra í garð stofnunarinnar en Thor reyndist henni einstakur liðsmaður. Bækurnar verða aðgengilegar í nýbyggingu stofnunarinnar sem tekin verður í notkun á næsta ári.



Fágæt ensk-íslensk orðabók færð stofnuninni að gjöf

Sesselja Siggeirsdóttir Seifert, ræðismaður Íslands í Virginu í Bandaríkjunum, færði Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf fallett eintak af íslensk-ensku orðabókinni eftir þá Richard Cleasby og Guðbrand Vigfússon frá árinu 1874. Sesselja stofnaði Íslendingafélagið í Virginu árið 1984 og hefur verið formaður þess æ síðan. Stofnunin kann Sesselju miklar þakkir fyrir þessa góðu gjöf.



Sesselja Siggeirsdóttir Seifert.

Þakkir

Starfsmenn stofnunarinnar þakka Vigdísí Finnbogadóttur fyrir frábært samstarf og ómetanlegt framlag hennar í þágu tungumála og menningar fyrr og síðar.



Dóra Ingvadóttir.

Dóru Ingvadóttur er þakkað mikilvægt vinnuframlag á árinu og dýrmæt liðveisla.

Stofnunin færir Jóni Atla Benediktssyni rektor sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og mikilvægan stuðning. Jafnframt vill stofnunin þakka þeim Guðmundi Hálfðanarsyni forseta Hugvísindasviðs, Geir Sigurðssyni, forseta Mála- og menningardeildar, Óskari Einarssyni rekstrarstjóra, Bernharð Antoniussen verkefnisstjóra, Margréti Guðmundsdóttur verkefnisstjóra og Eiríki Smára Sigurðarsyni rannsóknastjóra ásamt öðrum samstarfsmönnum á Hugvísindasviði fyrir góða samvinnu, sem og öllum velunnurum fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfsemi stofnunarinnar á árinu.

STARFSFÓLK 2016

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 40 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd þrettán erlend tungumál og stunda fræðimenn við stofnunina rannsóknir og kennslu í þessum tungumálum og menningu þeirra.

Starfsfólk stofnunarinnar eftir stafrófsröð:

AUÐUR HAUKSDÓTTIR

Prófessor í dönsku máli, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og formaður stjórnar Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.



Auður lauk doktorsnámi í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand.mag.-prófi frá sama skóla árið 1987 og BA-prófi í dönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknasvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál, samanburðarmál-vísindi og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.

Auður er í forystu fyrir samstarfsnetinu Sprog- og kulturkontakt í Vestnorden, þar sem fræðimenn frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð taka þátt. Netið hefur hlotið styrk til þriggja ára frá Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni.

Þá hefur Auður unnið að samanburði á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku og þróað máltækið www.frasar.net í samvinnu við Guðrúnu Haraldsdóttur og sænska og danska fræðimenn. Hún leiðir nú tvö norræn rannsóknar- og þróunarverkefni, sem beinast að tileinkun Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga á dönsku. Annars vegar er um að ræða námsgagnið www.taleboblen.hi.is til þjálfunar dansks talmáls, einkum framburðar og hins vegar gagnvirkan tölvuleik, Talerum, til dönskunáms. Veglegir styrkir hafa fengist til verkefnanna, þeir stærstu frá Nordplus Sprog, Nordisk Kulturfond, Augustinus Fonden og frá sjóði danska og íslenska menntamálaráðuneytisins til eflingar dönskukennslu.

ÁSDÍS R. MAGNÚSDÓTTIR

prófessor í frönsku máli og bókmenntum.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble III) í Grenoble í Frakklandi árið 1997. Hún lauk DEA-prófi frá sama skóla árið 1993, meistaraprófi árið 1992 og licence-prófi árið 1991. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franskra bókmennta: miðaldabókmennta, miðaldaskáldsögunnar, riddarasagna, þýðinga og smásagna.



Ásdís vinnur nú að íslenskri þýðingu á *Lancelot ou le Chevalier de la charrette* (*Lancelot eða kerruriddaranum*) eftir Chrétien de Troyes og ýmsum rannsóknum á sviði franskra og íslenskra miðaldabókmennta, m.a. á miðaldaþýðingum og útbreiðslu „efnivíðarins frá Bretagne“ innan verkefnisins *La matière arthurienne aux XIVe-XVIe siècles en*

Europe. Hún tekur einnig þátt í verkefninu *Raddir kvenna. Smásögur* og vinnur að gerð smásagnasafns með verkum eftir ýmsa franska kvenrithöfundu (Marie de France, Marguerite de Navarre, Madame de La Fayette, George Sand, Colette, Marguerite Yourcenar o.fl.).



ÁSRÚN JÓHANNSDÓTTIR

aðjunkt í ensku.

Ásrún lauk MA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2009 með áherslu á kennslu og tileinkun orðaforða á öðru og erlendu máli, diplóma í kennslufræði árið 2008 og BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2006. Hún lýkur við doktorsrannsókn á viðhorfi ungra nemenda til ensku á Íslandi og tileinkun þeirra á orðaforða í ensku 2017. Einnig er Ásrún þátttakandi í verkefninu *Modeling the linguistic consequences of digital language contact* hjá Málvísindastofnun, stjórnendur Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir. Verkefnið skoðar návígi íslensku og ensku í stafrænu umhverfi og Ásrún skoðar þar tengsl orðaforðaþekkingar og notkunar á báðum málum hjá Íslendingum á öllum aldri.

Rannsóknasvið Ásrúnar lúta að tileinkun orðaforða í öðrum og erlendum málum, annarsmálsfræðum, tvítýngi, rannsóknaraðferðum í tungumálakennslu og tileinkun tungumála.

Áður en Ásrún kom til starfa sem aðjunkt við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda árið 2013 hafði hún starfað sem stundakennari í ensku við deildina frá árinu 2008, þar sem hún kenndi meðal annars málnotkun, ritun og tileinkun orðaforða á ensku.



ÁSTA INGIBJARTSDÓTTIR

aðjunkt í frönskum fræðum.

Ásta lauk meistaraprófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlends máls. Meistararitgerð hennar fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar.

Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.



BIRNA ARNBJÖRNSDÓTTIR

prófessor í annarsmálsfræðum.

Birna lauk doktorsnámi í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 1990, meistaraprófi frá Háskólanum í Reading í Englandi árið 1977 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri *Icelandic Online* frá upphafi og stýrt þróun *The English Game*.

Síðastliðin ár hefur hún, í samvinnu við Hafðísi Ingvarsdóttur prófessor, unnið að rannsókn á stöðu ensku á Íslandi og er rannsóknin styrkt af Rannsóknamiðstöð Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

ERLA ERLENSDÓTTIR

dósent í spænsku.

Erla lauk doktorsnámi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona á Spáni árið 2003, meistaraþrófi frá sama háskóla 1999 og mag.art.-þrófi í spænskum og norrænum fræðum frá Georg-August-háskólanum í Göttingen í Þýskalandi árið 1988. Hún stundaði nám í portúgölskum og brasilískum fræðum við Ludwig-Maximilian-háskólann í München og lauk þar ígildi BA-prófs árið 1993.



Helstu rannsóknasvið Erlu eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókarfræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, krónikur og skrif um landafundina.

Hún vinnur að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Þeirri vinnu tengist samevrópska rannsóknaverkefnið *Denominaciones de alimentos indoamericanos e hispanoamericanos en varias lenguas europeas*. Einnig er hún með í bígerð bók sem hefur að geyma smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (*Raddir frá Spáni*), sem og fræðilega útgáfu á íslenskum þýðingum á spænskum krónikum og þáttum frá 17., 18. og 19. öld. Þá vinnur hún að rannsóknaverkefninu *Tengsl Spánar og Íslands í tímans rás*. Um þessar mundir er hún að endurþýða skáldsöguna *Nada* eftir spænska rithöfundinn Carmen Laforet.

EYJÓLFUR MÁR SIGURÐSSON

deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.

Eyjólfur lauk meistaraþrófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III) í Frakklandi árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.



FEI JIE

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Fei lauk MA-gráðu í breskum og bandarískum bókmenntum frá Kennaraháskóla Guizhou í Guizhou-héraði í Kína árið 2000. Hún gegnir stöðu dósentis við deild erlendra tungumála og bókmennta í Kennaraháskóla Liupanshui í Kína. Fei kennir kínversku og kínverska málnotkun.



FRANÇOIS HEENEN

aðjunkt í frönsku.

François lauk doktorsnámi í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín í Austurríki árið 2002, MA-gráðu í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands árið 2012 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989.



Rannsóknasvið hans er samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði.

Um þessar mundir er François að rannsaka hlutverk og merkingu ýmissa sagnmynda á frönsku, svo sem *imparfait* og *futur simple* og vinnur að íslensk-franskri orðabók.



GEIR ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON

er aðjunkt og greinarformaður í grísku og latínu við Háskóla Íslands.

Geir lauk meistaraþrófi frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum í klassískum fræðum með áherslu á heimspeki fornaldar og klassískar bókmenntir. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki, grísku og latínu frá Háskóla Íslands árið 2004.

Geir kennir tungumál, bókmenntir, sögu og menningu Forngríkkja og Rómverja. Rannsóknir Geirs snúa einkum að heimspeki fornaldar.



GÍSLI MAGNÚSSON

lektor í dönskum bókmenntum.

Gísli lauk doktorsnámi við RWTH Aachen-háskólann en varði doktorsritgerð sína um Rainer Maria Rilke við Háskólann í Hróarskeldu árið 2008. Gísli lauk meistaraþrófi í þýsku og tónlist frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2000. Hann var nýdكتور við Árósháskóla 2010-2012.

Rannsóknasvið Gísla eru þýskar og danskar bókmenntir, þýsk-skandinavísk menningar- tengsl um 1900 og þverfagleg tengsl á milli bókmennta og andlegra hreyfinga. Doktorsritgerð hans, *Dichtung als Erfahrungsmetaphysik. Esoterische und okkultistische Modernität bei Rainer Maria Rilke*, var gefin út árið 2009. Auk þess hefur hann skrifað greinar um hefð fagurfræðilegrar heimspeki í skáldsögunni *Perlmanns Schweigen* eftir Pascal Mercier, andlega mimesis-hugtakið í list og bókmenntum um 1900 og mikilvægi dulspekinnar í skáldsögunni *Den stille pige* eftir Peter Høeg.

Hann hefur þýtt úr íslensku yfir á dönsku, meðal annars skáldsögur Böðvars Guðmundssonar *Hibýli vindanna* og *Lífsins tré* og fimm Íslendingasögur: *Kjalnesinga sögu*, *Vopnfirðinga sögu*, *Reykðæla sögu* og *Víga-Skútu*, *Þorsteins sögu hvíta* og *Valla-Ljóts sögu*. Gísli hefur einnig þýtt úr þýsku (David Safier) og ensku (Ken Wilber) yfir á dönsku.



GUÐRÚN BJÖRK GUÐSTEINSDÓTTIR

prófessor í enskum bókmenntum.

Guðrún lauk doktorsnámi frá Alberta-háskóla í Kanada í breskum, bandarískum og kanadískum bókmenntum árið 1993, meistaraþrófi frá sama skóla árið 1985 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1982.

Rannsóknasvið hennar er sér í lagi rithefð Íslendinga og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku, í samhengi við fjölmenningsbókmenntir, menningarstefnu og útgáfu. Guðrún leiðir nýtt alþjóðlegt meistaranám í Ameríkufræðum sem boðið er í samvinnu greinanna ensku, frönsku og spænsku við Háskóla Íslands.

GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR

verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Guðrún lauk MBA-gráðu við ESCP Europe viðskiptaháskólann í París árið 2003, BA-prófi í frönsku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og leiklistarnámi í París árið 1994. Hún hefur m.a. starfað sem leiðsögumaður fyrir franska ferðamenn, kennari hjá Alliance française í Reykjavík, verið umsjónarmaður sendifulltrúa hjá Rauða krossi Íslands, svæðisstjóri í Frakklandi fyrir Ferðamálaráð Íslands, verkefnisstjóri á viðskiptaskrifstofu sendiráðs Íslands í París, aðstoðarmaður við rannsóknir í Harvard Business School Europe Research Center í París og aðstoðarmaður þingkonu í neðri deild franska þjóðþingsins.



GUNNELLA PORGEIRSDÓTTIR

lektor í japönskum fræðum

Gunnella lauk doktorsnámi í Austur-Asíufræðum frá Sheffield-háskóla í Englandi árið 2015 og meistaraprófi í þjóðfræði við sama skóla árið 2006.

Doktorsritgerð hennar fjallar um hjátrú og helgisiði tengda meðgöngu í japönsku samfélagi. Á meðan á rannsókninni stóð stundaði Gunnella nám við Kokugakuin-háskóla í Tókýó.

Aðaláherslur í rannsóknum hennar eru japanskir þjóðhættir, hátíðir og helgisiðir, sem og þjóðfræði jaðarhópa og afþreyingarmening.



HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

prófessor í spænsku – með sérstakri áherslu á bókmenntir og kvikmyndir Rómönsku Ameríku – og forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (til 1. júlí 2016).

Hólmfríður lauk doktorsnámi í bókmenntafræði og spænsku frá Texas-háskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 2001, meistaraprófi frá sama háskóla árið 1996, B.Ed.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og BA-gráðu í spænsku frá Háskóla Íslands árið 1988. Hluta þess náms lauk hún við Buenos Aires háskóla í Argentínu.

Rannsóknasvið Hólmfríðar eru á vettvangi bókmennta og kvikmynda Rómönsku Ameríku, með sérstakri áherslu á birtingar- og sjálfmyndir kvenna. Hólmfríður hefur á undanförunum árum lagt sérstaka áherslu á bókmenntir minnihlutahópa frá Karíbahafsstönd Mið-Amerikulanda eins og Kosta Ríka, Panama, Níkaragva og Hondúras, og bókmenntir Rómönsku Ameríku með áherslu á samtímabókmenntir skrif- aðar af konum og þá einkum bókmenntir argentínskra kvenna eftir 1990. Í seinni tíð hafa áherslur hennar auk þessa beinst að kvikmyndagerð í Rómönsku Ameríku samtímans. Hólmfríður hefur aukin heldur látið til sín taka sem þýðandi milli spænsku og íslensku, ekki hvað síst er lítur að ljóðagerð. Um þessar mundir vinnur Hólmfríður að útgáfu tvímála ljóðasafns Pablo Neruda (en áður hafa komið út í ritstjórn Hólmfríðar tvímála útgáfur á ljóðum eftir Federico García Lorca og Jorge Luis Borges). Hún vinnur einnig að útgáfu þýðinga á íslenskum smá- og örsögum í Argentínu, frágangi smá-sagnasafns frá löndum Mið-Ameríku og bók um málefni minnihlutahópa við Karíbahafsströnd Mið-Ameríkuríkja.





INGIBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR

dósent í breskum bókmenntum 19. og 20. aldar.

Ingibjörg lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum við Háskólann í Glasgow árið 2001. Hún lauk meistaraþrófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 1995 og BA-prófi í ensku frá sama skóla árið 1993.

Rannsóknasvið hennar eru breskar 19., 20. og 21. aldar bókmenntir, skoskar bókmenntir á 20. og 21. öld og sögulegar bókmenntir frá 19. öld fram til dagsins í dag.

Ingibjörg vinnur um þessar mundir að rannsóknum á eftirfarandi efni: Tudor-tímabilið í sögulegum skáldskap og viðhorf til þess meðal lesenda og rithöfunda; skoska sögulega skáldsagan og þjóðaratkvæðagreiðslan 2014; textatengsl skáldsögunnar *Náðarstund* eftir Hannah Kent við skáldsöguna *Alias Grace* eftir Margaret Atwood; norðrið í sögulegum skáldskap; meðferð á lífi jaðarsettra og ofsóttra kvenna fyrir á öldum í 21. aldar sögulegum skáldskap.



IRMA ERLINGSDÓTTIR

dósent í frönskum samtímabókmenntum.

Irma lauk doktorsnámi í frönskum samtímabókmenntum frá Sorbonne-háskóla í París árið 2012, DEA-prófi í samtímabókmenntum frá Vincennes-háskóla (Paris VIII) í Frakklandi árið 1995, meistaraþrófi í samtímabókmenntum frá Paul-Valéry háskóla í Montpellier í Frakklandi árið 1994, licence-prófi frá sama skóla árið 1993 og BA-gráðu í frönsku frá Háskóla Íslands árið 1992.

Rannsóknasvið Irmu eru franskar bókmenntir og heimspeki, menningarfræði, kynjafræði og samtímasaga. Irma hefur skrifað greinar, ritstýrt bókum og skipulagt ráðstefur og viðburði. Árið 2000 var hún ráðin forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og gegnir hún enn þeirri stöðu. Irma er enn fremur forstöðumaður EDDU – öndvegisseturs og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) við Háskóla Íslands.



JESSICA GUSE

sendikennari í þýsku með áherslu á menningarmiðlun.

Jessica lauk MA-prófi í þýsku sem öðru máli og menningarmiðlun frá Freie Universität í Berlín árið 2011 og meistaraþrófi í þýskum bókmenntum, miðaldasögu og listasögu frá Technische Universität í Berlín árið 2009. Hún vinnur nú að doktorsritgerð um notkun ljóðaslammis í tungumálakennslu.



JIA YUCHENG

Kínverskur forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa og sendikennari

Jia lauk MA-gráðu í þýðingafraeði frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2002. Hann gegnir stöðu dósentis við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Jia kennir kínversku og kínverska málnotkun.

JÓN ÓLAFSSON

prófessor í menningarfræði og rússnesku.

Jón lauk doktorsprófi í heimspeki við Columbia-háskóla í New York árið 2000. Hann lauk einnig gráðu (certificate) í Rússlandsfræðum við sama háskóla árið 1998, auk MA-prófs í heimspeki árið 1995 og M.Phil.-prófs árið 1996.

Helstu rannsóknasvið Jóns eru lýðræði og stjórnálamenning, pólitísk siðfræði og saga Sovétríkjanna.

Hann vinnur nú að greinum um þekkingarmiðað lýðræði, spillingu og rússneska stjórnámaorðræðu.



JÚLÍAN MELDON D'ARCY

prófessor í enskum bókmenntum.

Júlían lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum frá Aberdeen-háskóla í Bretlandi árið 1991, meistaraprófi frá Lancaster-háskóla árið 1971, B.Ed.-prófi frá St. Martin's College í Lancaster í Bretlandi 1972 og BA-gráðu í ensku máli og bókmenntum frá Lancaster-háskóla árið 1970.

Rannsóknasvið hans eru breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Um þessar mundir vinnur Júlían að nýrri bók um amerískan fótbolta í bandarískum bókmenntum, auk þess sem hann er að þýða ýmis verk eftir Þórberg Þórðarson.



KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

dósent í spænsku.

Kristín lauk doktorsnámi í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State University 2004. Hún lauk meistaraprófi í spænskum og rómönsk-amerískum bókmenntum frá Madrídardeild New York University í Madríd 1986 og BA-gráðu í spænsku frá Universidad del Sagrado Corazón í Púertó Ríkó árið 1983. Einnig stundaði hún nám í bókmenntum spænskumælandi landa við Universidad Nacional Autónoma í Mexíkóborg 1981-1982 og spænskum fræðum við Universidad Complutense í Madríd 1979-1981.

Rannsóknasvið hennar er bókmenntir og alþýðutrú á landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna, alþýðudýrlingar Rómönsku Ameríku, smásögur og örsögur í Rómönsku Ameríku, bókmenntir á spænskumælandi eyjum í Karíbahafi og þýðingar.

Um þessar mundir vinnur Kristín að úrvalssafni örsagna frá Rómönsku Ameríku. Hún er í ritnefnd ritraðarinnar *Smásögur heimsins*, er aðalritstjóri annars bindis sem tileinkað er Rómönsku Ameríku og kemur út innan skamms. Einnig vinnur hún að rannsóknaverkefni Tengsl Íslands og Spánar í tímans rás.



LARS-GÖRAN JOHANSSON

sendikennari í sænsku.

Lars-Göran lauk fil.mag.-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum frá



Háskólanum í Uppsölum árið 1974 ásamt kennslufræði frá Háskólanum í Linköping 1977.

Rannsóknasvið Lars-Görans eru sænskar samtímabókmenntir.



LIU KAILIANG

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Liu lauk MA-gráðu í almennum málvísindum frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2003. Hún gegnir stöðu lektors við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Liu kennir kínversku og kínverska texta.



MAGNÚS BJÖRNSSON

forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Magnús lauk meistaraprófi í alþjóðastjórn málum frá Renmin-háskóla í Peking í Kína árið 2000 og BA-gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1997. Starfsvettvangur Magnúsar hefur að mestu verið á sviði kennslu og ferðaþjónustu ásamt túlkun og þýðingavinnu. Auk þess starfaði Magnús tímabundið í sendiráði Íslands í Peking og við heimssýninguna í Shanghai árið 2010.



MAGNÚS SIGURÐSSON

aðjunkt í þýsku.

Magnús lauk meistaraprófi í þýsku sem erlendu máli frá Heidelberg-háskóla í Þýskalandi árið 1983. Rannsóknáhugi Magnúsar beinist að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orðabókanotkun.



MARTIN REGAL

dósent í ensku.

Martin lauk doktorsnámi í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníuháskóla í Davis 1991.

Rannsóknir hans eru á aðallega á sviði aðlögunar- og kvikmyndafræði. Hann hefur einnig þýtt fjölmörg íslensk forn- og nútímabókmenntaverk, auk annarra verka.

Martin kenndi fyrst í Háskóla Íslands árið 1976 en hefur einnig kennt í Bandaríkjunum, við Stokkhólmsháskóla og Kungliga Tekniska Höskolan í Stokkhólmi.



ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR

prófessor í þýsku.

Oddný lauk doktorsnámi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu árið 1987 frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster í Westfalen í Þýskalandi. Áður hafði hún lokið BA-gráðu í þýsku og bókasafnsfræði, auk kennsluréttindanáms frá Háskóla Íslands árið 1980.

Rannsóknasvið hennar er innan samanburðarmálvísinda, einkum á sviði orðtakafræði, svo og þýska sem erlent tungumál á Íslandi og miðlun menningar í ferðapjónustu. Um þessar mundir vinnur Oddný að rannsókn á notkun orðtaka í þýskum og íslenskum textum og er rannsóknin byggð á rauntextum.

PERNILLE FOLKMANN

lektor í dönsku máli.

Pernille lauk cand.mag.-gráðu í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2009.

Rannsóknasvið hennar eru norræn tjáskipti, norræn nútímamál, máltileinkun, málkennsla og málstefna.



QI HUIMIN

Kínverskur forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa og sendikennari

Qi lauk doktorsgráðu frá Kínversku listaakademíunni árið 2003. Hún gegnir stöðu prófessors í Ningbo-háskóla í Kína. Sérgrein hennar er kínversk þjóðlagatónlist minnihlutahópa í Kína, svo sem Tu, Tíbeta og Hui.

Rannsóknir hennar eru á sviði staðbundina kínverskra ópera, s.s. í Shandong- og Zhejiang-héraði. Hún hefur skrifað 3 bækur: Ceremony, Music and Marriage (2011), Namuyi Tibettan Songs (2009) og Engagement Chants and Flute Music (2009). Auk þess hafa birst á prenti eftir hana yfir 20 fræðigreinar í tímaritum jafnt innan sem utan Kína. Qi kennir kínverska málnotkun.



REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR

aðjunkt í rússnesku.

Rebekka lauk meistaraþrófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í Pétursborg árið 2003 og BA-gráðu í rússnesku frá Háskóla Íslands árið 2001.

Rannsóknasvið hennar eru rússneskar bókmenntir á 19. og 20. öld fram til 1930 og samtímabókmenntir skrifaðar af konum. Rebekka er, ásamt Olgu Korotkovu, dósent við Lomonosov-háskólann í Moskvu, að leggja lokahönd á kennslubók í rússneskum bókmenntum fyrir nemendur í rússnesku við Háskóla Íslands.



STEFANO ROSATTI

aðjunkt í ítölsku.

Stefano lauk meistaraþrófi í kennslufræðum og útbreiðslu ítalskrar tungu og menningar frá Ca' Foscari-háskólanum í Feneyjum á Ítalíu árið 2005. Hann lauk laurea-gráðu í ítölskum bókmenntum frá Háskólanum í Genúa á Ítalíu árið 1996.

Rannsóknasvið hans eru ítalskar endurreisnar- og samtímabókmenntir. Um þessar mundir vinnur Stefano að rannsókn á ítalska ljóðskáldinu Clemente Rebora (1885-1957) og þýðir Reisubók Ólafs Egilssonar á ítölsku. Auk þess þýðir hann skáldsögur Auðar Övu Ólafsdóttur á ítölsku. Stefano er í doktorsnámi í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.





ÞÓRHALLUR EYPÓRSSON

prófessor í málvísindum við námsleið í ensku.

Þórhallur lauk doktorsnámi í málvísindum frá Cornell-háskóla árið 1995, meistaraprófi frá sama háskóla 1992 og meistaraprófi í indóevrópskri samanburðarmálfræði, grísku og latínu frá Ludwig-Maximilians háskóla í München árið 1986. Helstu rannsóknasvið Þórhalls eru setningafræði norrænna og germanskra mála í sögulegu ljósi og almenn söguleg málvísindi, tilbrigði og breytileiki í íslensku og færeysku í samanburði við önnur norræn mál, þróun fallmörkunar og rökliðagerðar í indóevrópskum málum, gerð sögulegra gagnagrunna til notkunar í málvísindarannsóknum og loks samspil bragfræði og málfræði í forníslenskum kveðskap.

Þórhallur stjórnar nokkrum innlendum og erlendum rannsóknaverkefnum og er þátttakandi í mörgum alþjóðlegum samstarfsnetum og samtökum í málvísindum.



ÞÓRHILDUR ODDSDÓTTIR

aðjunkt í dönsku.

Þórhildur lauk meistaraprófi frá Háskóla Íslands árið 2004 með áherslu á kennslufræði tungumála, einkum orðaforðatilkun í erlendum málum. Hún stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla árið 2002. Þórhildur lauk uppeldis- og kennslufræði og diplómu í kennsluskráfræðum frá Háskóla Íslands árið 1989 og lauk BA-gráðu í dönsku frá sama skóla árið 1978. Hún stundaði nám við Háskólann í Óðinsvéum á árunum 1978-1980.

Rannsóknasvið hennar eru tileinkun erlendra tungumála, tölvustudd tungumálakennsla og skyldleiki orðaforða í dönsku og íslensku.

Nýlega hefur Þórhildur lokið samstarfsverkefni með menntastofnunum í Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi um stöðu dönsku sem fyrsta, annars og þriðja máls, sem og í annarsmálsumhverfi í Danmörku. Þá vinnur hún að rannsókn á þróun orðaforða og notkun orðasambanda í ritmáli mál nema.

Fræðimenn með aukaaðild að stofnuninni

GAUTI KRISTMANNSSON

prófessor í þýðingafræði.

